



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík, maí 2019

Ávarp forseta ASÍ við setningu þings RSÍ

Kæru félagar,

Til hamingju með þetta glæsilega þing. Og til hamingju með nýgerða kjarasamninga, ég vona að þið komið sæmilega undan þessari lotu og fagna því að þessir nýju samningar séu nú komnir í dóm félagsmanna. Ég hefði reyndar kosið að allir hópar innan ASÍ hefðu náð samningum á sama tíma, að við hefðum borið gæfu til að nýta hugmyndir og þekkingu hvers annars betur en það verður ekki á allt kosið.

Þegar allt kemur til alls held ég að okkur hafi tekist betur til en nokkur þorði að vona. Ykkar samningar og þeir sem voru undirritaðir mánuði fyrr marka í mörgu tímamót og þar eiga margir þakkir skyldar. Þegar saman fara ferskir vindar þeirra sem nýir eru og mikilvæg reynsla þeirra sem hafa verið lengur að – þá er niðurstaðan spennandi, ábyrg og framsækin – sem varð raunin. Mig langar að nota tækifærið og lýsa ánægju minni með nokkra þætti í samningunum ykkar, en ég tel að sú þróun að setja mismunandi verðmiða á vinnu á mismunandi tímum sólarhringsins og innan vikunnar sé framtíðin. Ekki bara hvetur það atvinnurekendur til að skipuleggja vinnuna betur heldur er það sanngjarnt að greitt sé hærra endurgjald fyrir vinnu sem veldur meiri óþægindum. Þið gangið lengra í að tryggja styttingu vinnuvikunnar en aðrir hafa gert og er það vel enda veit ég að það hefur verið hávær krafa um slíkt innan úr iðnaðarmannasamfélaginu. Þar eru iðnaðarmenn trúir fortíðinni en prentarastéttin var oftast ekki í fararbroddi í vinnutímabreytingum hér á árum áður. Ýmislegt fleira er hægt að týna til en ég reikna með að þið séuð betur að ykkur um samningana en ég.

Ég veit hins vegar að það verður verkefni okkar næstu árin að fylgja eftir loforðum stjórnvalda í tengslum við kjarasamningana og það er enginn smá pakki. Húsnæðismálin, skattamálin, lífeyrismálin og félagsleg undirboð eru allt risamálaflokkar, að ekki sé minnst á vexti og verðtryggingu. Það er allt undir í þessum samningum og mjög mikilvægt að aðgerðirnar spili vel saman og framkvæmdin sé öll hin vandaðasta. Í þeirri vinnu eigið þið góðan málsvara í formanninum ykkar sem hefur lagt ríkuleg lóð á vogaskálarnar sem annar varaforseti ASÍ.

En það eru ekki bara stjórnvöld sem þurfa á aðhaldi okkar að halda heldur verðum við að vera mjög ákveðin í neytendavernd og verðlagseftirliti til að markmið samninganna standi, þ.e. að fólk njóti raunverulegra kjarabóta og bættra lífsgæða. Það voru mikil viðbrögð gagnvart fyrirtæki sem ætlaði að hækka vörur strax eftir samningana og þau viðbrögð voru aðeins forsmekkurinn að þeirri bættu upplýsingagjöf og aðhaldi sem við ætlum að stunda.

Áskoranirnar eru margar til skamms tíma en ekki síður til langs tíma. Það er til fyrirmyndar hvernig stéttarfélag iðnaðarmanna hafa markvisst eftt samstarf sín á milli síðustu árin, bæði í gegnum sameiningar og í gegnum samrekstur ýmis konar. Starf stéttarfélaga er flókið enda er verkalýðshreyfingin í raun hluti af velferðarkerfinu sem við rekum öllum til hagsbóta. Aukin ábyrgð og verkefni krefjast aukinnar sérfræðipækkingar og það krefst öflugri eininga innan okkar raða. Fólkið á ekki að þjóna skipulaginu heldur á skipulagið að auka þjónustu við félagsmenn.

Mér finnst oft gaman að leika mér með þá hugmynd hvernig við myndum byggja upp verkalýðshreyfingu í dag ef við gerðum það frá grunni. Hún væri alveg örugglega ekki eins og núna. Við myndum hafa þrennt í huga: Að gæta að grasrótinni og nálægðinni við samfélög félagsmanna, að grunneiningarnar væru nógu sterkar til að þjónusta félagsmenn svo sómi sé að og að félagar ættu faglegt bakland í sínu stéttarfélagi. Við myndum sennilega ekki hafa jafn skýra aðgreiningu vegna menntunar heldur líta á svið atvinnulífsins frekar.

Við stöndum mjög oft í þeim sporum að fólk vill tilheyra einhverju ákveðnu félagi þó að það félag sé ekki endilega með samninga fyrir viðkomandi starf. Fólk sem færir sig á milli opinbers félags og félags á almenna markaðnum skilur ekki af hverju það verður af réttindum við flutninginn. En það er ekki endilega félagsmaðurinn (-eða konan) sem á að passa að vera í réttu félagi, passa uppá réttindi sín við flutning á milli starfa o.s.frv. Það er nefnilega okkar verkefni að veita okkar félagsmönnum sem besta þjónustu og létta áhyggjum af þeim. Við verðum því að leggja til hliðar persónur og leikendur, sem oft þvælast fyrir í viðræðum um sameiningar og skipulag, og líta alltaf og eingöngu á hag félagsmanna okkar. Það er verkefnið framundan eins og hingað til og við eigum eftir að ræða mjög mikið um það á næstunni. Það er ekki hægt að lenda í því trekk í trekk að til dæmis atvinnurekendur reyni að koma sér hjá verkfallsátökum með því að dreifa starfsfólki í ólík félög og rjúfa þannig samstöðuna, en við vitum að það eru brögð að því og það opinberaðist í kjaraviðræðunum núna og í átökunum 2015.

Fleiri stórar áskoranir bíða handan hornsins, blessaða fjórða iðnbyltingin er víst orðin staðreynd og vinnumarkaðurinn mun breytast á næstunni hvort sem okkur líkar betur eða verr. Góðu fréttirnar eru þær að íslensk verkalýðshreyfing er sennilega með best skipulögðu hreyfingum í heimi, með mesta aðild að félögum og nær óumdeilt að þannig viljum við hafa það. Við erum því betur í stakk búin en flest lönd til að verjast öllum atlögum að ráðningarformum, ráðningakjörum og öðrum tilraunum til að grafa undan réttindum vinnandi fólks. Við munum þurfa að finna leiðir til að veita þeim sem eru í óformlegum ráðningarsamböndum skjól í okkar félögum, einyrkjum og þeim sem eru í hinu svokallaða gig-economy, eða verktakahagkerfi. Við skulum ekki láta glepjast af hugmyndum um hvað það sé yndislegt að vera sinn eiginn herra, hvort sem þú ert að keyra leigubíl eða sinna öðrum tilfallandi verkefnum. Að vera sviptur atvinnuöryggi er slæmt fyrir einstaklinginn og gerviverktaka er slæm fyrir samfélagið allt. En nútíminn er víst mættur og við vitum að það er víða komið los á ráðningarsambönd. Öll hreyfingin getur leitað í smiðju iðnaðarmanna til að bregðast við þessu enda hafið þið langa reynslu af verktakabusiness og þjónustu við félagsmenn í óformlegum ráðningarsamböndum.

Ég ætla mér nú ekki að fara yfir landið og miðin í þessu ávarpi og hætti mér ekki inn á svið orkumála með svona rafmagnaðan sal en við vitum að orku- og auðlindamál eru stóru málin til framtíðar í samhengi við loftslagsmálin. Það eru engin störf á dauðri plánetu og við í verkalýðshreyfingunni eins og alls staðar annars staðar verðum að taka tillit til þessara mála í allri okkar stefnumótun. Það er mér ánægja að segja frá stórrí ráðstefnu um loftslagsmál sem ASÍ stendur fyrir á haustdögum undir einmitt þessari yfirskrift „engin störf á dauðri plánetu“. Ekkert sérstaklega hressandi eða jákvæð yfirskrift en í fullkomnu samræmi við alvarleika málsins.

Að lokum langar mig að hrósa ykkur sérstaklega fyrir að leggja áherslu á jafnréttismál með rakarastofuráðstefnu síðar í dag. Jafnrétti á vinnumarkaði eru mikilvæg fyrir alla því þau eru undirstaða vellíðunar. Að halla á hlut einhvers vegna kyns, uppruna, aldurs eða einhvers annars býr til vanmátt og vanlíðan og allur vinnustaðurinn verður verri fyrir vikið. Þrátt fyrir nýgerða kjarasamninga þá eyðum við óhemju tíma í vinnunni og munum gera áfram og það er eins gott að allir axli ábyrgð á því að það fari vel um fólk á vinnustaðnum og þar sé það öruggt.

Ég óska ykkur velfarnaðar, vinnusemi og góðrar niðurstöðu af þessu þingi sem ég veit að verður hið glæsilegasta. Ég hlakka til að sjá afraksturinn. Gangi ykkur vel!